

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2024

2024/EES/52/37

frá 15. mars 2024

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu
á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarf samningsaðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1525 frá 20. júlí 2023 um að styðja við skotfæraframleiðslu ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að þátttaka EFTA-ríkjanna í starfsemi sem leiðir af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1525 hefjist frá 25. júlí 2023, óháð því hvenær þessi ákvörðun er samþykkt, eða hvort tilkynnt er eftir 10. júlí 2023 að stjórnskipuleg skilyrði, ef þau eru til staðar, að því er þessa ákvörðun varðar, hafi verið uppfyllt.
- 3) Þar eð ekki tókst að koma á þátttöku fyrir 10. júlí fjárhagsársins 2023, ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til að setja fram samkomulag samningsaðilanna um fyrirkomulag afturvirkju fjárframlaganna fyrir fjárhagsárið 2023, til að heimila fulla þátttöku í starfsemi sem leiðir af reglugerð (ESB) 2023/1525.
- 4) Aðilar með staðfestu í EFTA-ríkjunum skulu eiga rétt til þátttöku í starfsemi sem hefst áður en þessi ákvörðun öðlast gildi. Kostnaður sem fellur til vegna slíkrar starfsemi, sem kemur til framkvæmda eftir 25. júlí 2023, kann að teljast hæfur með sömu skilyrðum og þeim sem gilda vegna kostnaðar sem fellur til hjá aðilum með staðfestu í aðildarríkjum ESB, að því tilskildu að þessi ákvörðun öðlist gildi áður en viðkomandi aðgerð lýkur. Afturvirknisákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1525 gildir einnig.
- 5) Skilyrði fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna og stofnana þeirra, fyrirtækja, samtaka og ríkisborgara í áætlunum Evrópusambandsins eru sett fram í EES-samningnum, einkum 81. gr. samningsins.
- 6) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið samstarf geti hafist frá 25. júlí 2023.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir 14. mgr. 7. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„15. EFTA-ríkin skulu frá 25. júlí 2023 taka þátt í aðgerðum á vegum Sambandsins sem tengjast eftirfarandi lagagerð og fjárlagaliðum sem færðir eru í fjárlög Evrópusambandsins:

- **32023 R 1525:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1525 frá 20. júlí 2023 um að styðja við skotfæraframleiðslu (Stjtið. ESB L 185, 24.7.2023, bls. 7).
- **Fjárlagaliður 13 01 05:** „Útgjöld til að styðja við Fjármögnunarleiðina til eflingar iðnaðar á sviði varnarmála“.
- **Fjárlagaliður 13 07 01:** „Fjármögnunarleið til eflingar iðnaðar á sviði varnarmála“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 185, 24.7.2023, bls. 7.

Kostnaður sem fellur til vegna starfsemi sem kemur til framkvæmda eftir 25. júlí 2023 eða, ef skilyrðin í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1525 eru uppfyllt, eftir 20. mars 2023, kann að teljast hæfur frá og með upphafsdegi viðkomandi aðgerðar sem ákveðin er í styrksamningi eða viðkomandi ákvörðunum um styrk, með þeim skilyrðum sem þar koma fram, að því tilskildu að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2024 frá 15. mars 2024 öðlist gildi áður en aðgerðinni lýkur.

Í samræmi við 8. og 9. mgr. 1. gr. bókunar 32 við EES-samninginn skulu fjárframlög EFTA-ríkjanna taka til allra greiðslna af viðkomandi fjárlagaliðum fyrir fjárhagsárið 2023 afturvirkkt. Samsvarandi fjárhagsskuldbindingar fyrir fjárhagsárið 2023 skulu vera aðgengilegar, að breyttu breytanda, undir sömu skilmálum og fjárveitingarnar fyrir fjárhagsárið 2024, en þær skulu einkum leiða til þess að heildarfjárhæðum samsvarandi fjárhagsskuldbindinga fyrir fjárhagsárið 2023 verði ráðstafað við upphaf fjárhagsársins 2024.

Ísland og Liechtenstein skulu undanþegin þátttöku í fjármögnunarleiðinni sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2023/1525 og því að veita fjármagn til hennar.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 25. júlí 2023.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna

vegna ákvörðunar nr. 80/2024 um frá 15. mars 2024 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um að auka samstarf samningsaðilanna þannig að EFTA-ríkin taki þátt í fjármögnunarleiðinni sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2023/1525

Með ákvörðun þessari er samstarf samningsaðilanna aukið svo það taki til þátttöku EFTA-ríkjanna í fjármögnunarleiðinni sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2023/1525 („fjármögnunarleið“). EFTA-ríkin telja að varnarmál falli utan við gildissvið EES-samningsins og því víkkar samþykkt þessarar ákvörðunar ekki gildissvið EES-samningsins svo það taki til varnarmála, umfram þátttöku EFTA-ríkjanna í fjármögnunarleiðinni. EFTA-ríkin leggja einnig áherslu á að Ísland og Liechtenstein skuli ekki taka þátt í og leggja fjármagn til fjármögnunarleiðarinnar.